

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, um Gufunesbæ (US200152).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs, 20. maí 2020, var lögð fram fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og er svohljóðandi:

1. Hvaða skipulag er í gildi varðandi svæðið frá Gufunesbæ að Sorpu, væntanlegri Sundabraut og nýju deiliskipulagi við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi?
2. Eru öll mannvirki Skemmtigarðsins og Reykjavík Domes inni á gildandi skipulagi.
3. Hverjir aðrir en Skemmtigarðurinn hafa aðstöðu og eru með vinnslu á þessu svæði?
4. Hver er staðan á nýju skipulagi fyrir svæðið og hvaða áform eru í vinnslu hvað það varðar?
5. Hvernig verður með þá starfsemi og notkun sem er þarna núna fram að nýju deiliskipulagi?